

Upplýsingakort jafnréttismála á Landspítala - tölulegar upplýsingar fyrir árið 2011

Framtíðarsýn Landspítala í jafnréttismálum

Landspítali setur sér það markmið að fullt jafnrétti ríki meðal karla og kvenna, bæði þeirra sem starfa hjá spítalanum og þeirra sem þjónustu spítalans njóta eða eiga viðskipti við hann.

Þannig stefnir Landspítali að því að karlar og konur hafi:

- Sömu tækifæri við ráðningar í stöður og skipun í nefndir og ráð á spítalanum
- Sömu laun og launakjör fyrir sambærileg störf og ábyrgð
- Sömu starfsaðstæður og sömu tækifæri til framgangs í starfi
- Sömu tækifæri til að stunda kennslu, vísindastörf og vinna að nýsköpun
- Sömu tækifæri til að samræma starfsskyldur og fjölskyldulíf
- Sama aðengi að þjónustu og meðferð
- Sömu tækifæri til að veita þjónustu og eiga viðskipti við spítalann

